

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

10. mgr. 97. gr. reglnanna orðast svo:

Doktorsnám í hjúkrunarfræðideild er 180 eininga rannsóknatengt nám að loknu meistaraþrófi.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. reglnanna:

a. c-liður 1. mgr. orðast svo: Til BS-prófs í sjúkraþjálfunarfræðum.

b. 7. mgr. orðast svo:

Nám í lækisfræði til kandiðatsprófs jafngildir 360 námseiningum, að meðtöldum 180 einingum til BS-prófs í lækisfræði, nám til BS-prófs í lækisfræði jafngildir 180 einingum, nám til BS-prófs í sjúkraþjálfunarfræðum jafngildir 180 einingum, nám til BS-prófs í geislafræði jafngildir 180 einingum og nám til BS-prófs í lífeindafræði jafngildir 180 einingum. Sá sem lokið hefur kandiðatsprófi í lækisfræði ber próftitilinn *candidatus medicinae* (cand. med.). Sá sem lokið hefur BS-prófi í lækisfræði ber próftitilinn *baccalaureus scientiarum* (BS) í lækisfræði, sá sem hefur lokið BS-prófi í sjúkraþjálfunarfræðum ber titilinn *baccalaureus scientiarum* (BS) í sjúkraþjálfunarfræðum og sá sem lokið hefur 180 eininga námi í geislafræði eða lífeindafræði ber titilinn *baccalaureus scientiarum* (BS) í geislafræði/lífeindafræði, eftir því sem við á. Að loknu BS-prófi í sjúkraþjálfunarfræðum tekur við 120 eininga nám til MS-prófs í sjúkraþjálfun. Að loknu BS-prófi í geislafræði og í lífeindafræði tekur við 60 eininga nám á meistarastigi sem leiðir til starfsréttinda, samkvæmt nánari reglum þar að lútandi.

c. Á eftir 3. málsl. 8. mgr. bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Til að innritast í meistaranám í sjúkraþjálfun þarf stúdent að hafa lokið BS-prófi í sjúkraþjálfunarfræðum.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. reglnanna:

a. 4. og 5. másl. 6. mgr. orðast svo: Kennslu í sjúkraþjálfunarfræðum skal haga þannig að unnt sé að ljúka námi til BS-prófs á þremur árum en heildarnámstími má ekki vera lengri en fjögur ár. Að því námi loknu tekur við 120 eininga nám til MS-prófs í sjúkraþjálfun en heildarnámstími má ekki vera lengri en þrjú ár.

b. Í stað orðsins „sjúkraþjálfun“ í 1. másl. 9. mgr. kemur: sjúkraþjálfunarfræðum og sjúkraþjálfun.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 105. gr. reglnanna:

a. d-liður 1. mgr. orðast svo: Til MS-prófs í hagnýtri sálfræði.

b. 6. mgr. orðast svo:

Nám til MS-prófs í sálfræði er 120 eininga einstaklingsbundið meistaranám að loknu BS-prófi í sálfræði.

c. Á eftir 6. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Nám til MS-prófs í hagnýtri sálfræði er 120 eininga meistaranám að loknu BS-prófi í sálfræði. Námið er verklegt og fræðilegt nám með vettvangstengingu og veitir nemendum þjálfun í að hagnýta sálfræðiþekkingu á ólíkum vettvangi. Námið veitir að auki undirbúning undir doktorsnám. Í náminu velja nemendur á milli þriggja kjörsviða.

#### 5. gr.

Á eftir orðunum „kandiðatsnám í sálfræði“ í lok 1. másl. 8. mgr. 106. gr. reglnanna bætast við orðin: og MS-nám í hagnýtri sálfræði.

Nr. 1015

11. nóvember 2016

6. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 11. nóvember 2016.*

**Jón Atli Benediktsson.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2016